

TÓNSTOFA VALGERÐAR

FORSAGA OG STARFSÁÆTLUN
SKÓLAÁRSIN 2018 TIL 2019



FORSAGA

Haustið 1986 var kynningarefni um tónlistarsérkennslu dreift og fyrirlestrar haldnir. Á ferðum milli stofnana var bankað upp á hjá dagvist Sjálfsbjargar í Hátúninu þar sem Steinunn Finnbogadóttir þáverandi forstöðukona tók undirritaðri af mikilli ljúfmennsku. Má segja að fyrir hennar tilstuðlan hafi sú ákvörðun verið tekin að hefja sjálfstæða starfsemi. Tvö ungmenni í hennar forsjá urðu fyrstu nemendur Tónstofunnar. Steinunn var söngelsk baráttukona. Sem ljósmóðir, borgarfulltrúi og aðstoðarráðherra var hún í forystusveit kvenna sem létu til sín taka í félags- og stjórnámálum upp úr miðri síðustu öld. Steinunn sem lést í desember 2016 var velgjörðakona Tónstofunnar og verðum við henni ævinlega þakklát fyrir þann hlýhug sem hún sýndi og þá trú sem hún hafði á mikilvægi tónlistar til að þroska og bæta lífsgæði fólks.

Frá 1987 til ársins 2000 starfaði Tónstofan í samvinnu við Tónmenntaskóla Reykjavíkur þar sem undirrituð byggði upp sérdeild fyrir nemendur sem þurftu sérstakan stuðning. Fljótlega mynduðust langir biðlistar eftir skólaplássi og því var þörf á að fjölga kennurum og stækka deildina. Stækkun sérdeildar samræmdist ekki framtíðarsýn Tónmenntaskólans á þeim tíma og samstarfinu lauk. Reynsla þessara ára hafði sannað mikilvægi tónlistarkennslunnar fyrir nemendahópinn. Bjartsýnir og baráttuglaðir foreldrar tóku því höndum saman haustið 2000 og stofnuðu Foreldra- og styrktarfélag Tónstofunnar. Með lög um málefni fatlaðra, reglugerðir og aðalnámskrá tónlistarskóla í farteskinu hófst barátta fyrir jafnrétti til náms. Markmiðið var að Tónstofan yrði formlega viðurkennd sem tónlistarskóli með rekstrarleyfi og þjónustusamning við Reykjavíkurborg líkt og aðrir tónlistarskólar. Bréfaskriftir, greinaskrif og fundahöld skiluðu loks árangri og Tónstofan fékk sinn fyrsta þjónustusamning við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur undirritaðan í mars 2002. Sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins á rekstri Tónstofunnar sem tónlistarskóla fékkst svo í ágúst 2004.

MARKMIÐ OG SÉRSTAÐA TÓNSTOFUNNAR

Markmið og sérstaða Tónstofunnar var skilgreind þegar hún tók til starfa árið 1986. Þar hafa forgang einstaklingar sem ekki hafa greiðan aðgang að öðrum tónlistarskólum; einstaklingar sem vegna fatlana og eða sjúkdóma þarfnast sérstaks stuðnings í tónlistarnámi sínu.

Framvinda og markmið kennslunnar sem og kennsluaðferðirnar taka mið af forsendum, þörfum og óskum hvers einstaks nemanda. Í Tónstofunni er því hægt að leggja stund á hefðbundið tónlistarnám en einnig má njóta þar fjölpætttrar tónlistariðkunar sem eflir alhliða tjáningarfærni, tónnæmi og tónlistarfærni, og veitir sköpunarþörfinni útrás. Á 30 ára afmælisári veturinn 2016 til 2017 voru 120 nemendur á öllum aldri skráðir í skólann. Tónstofan er með þjónustusamning við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar en nemendahópurinn kemur frá öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Mikilvægi Tónstofunnar felst m.a. í því að standa vörð um réttindi fatlaðs fólks til að nýta og þróa hæfileika sína og til að stuðla að virkri þátttöku þeirra í menningarlífi og listum. Íslensk lög, stefnuyfirlýsingar sveitarfélaga og alþjóðlegir samningar styðja enn grundvallarmarkmið skólans líkt og fyrir þrjátíu árum. Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014 - 2020 byggir m.a. á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem öðlaðist gildi á Íslandi í nóvember 1992. Í 31. grein sáttmálans segir:

„1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómsunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálstrar þátttöku í menningarlífi og listum.
2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómsundaiðju.“

Íslensk stjórnvöld fullgiltu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks haustið 2016 en hann hefur enn ekki verið lögfestur. Aðildarríki samningsins viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Til þess að réttur þessi verði að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, þarf menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum sem miðar að því: að auka mannlega getu til fulls, tilfinningu fyrir meðfæddri göfgi og eigin verðleikum, eins og segir í 24. greininni. Aðildarríkin eiga að tryggja að árangursríkar, einstaklingsbundnar stuðningsaðgerðir séu boðnar fram í umhverfi sem ytir hvað mest undir framvindu í námi og félagslega þróun. Í 30. greininni segir m.a.: „2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þroska og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu heldur einnig í því skyni að auðga mannlíf í eigin samfélögum.“

Í Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennum hluta, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 2000 segir: „Gildi tónlistarnáms er margþætt. Markvisst tónlistaruppeldi miðar að auknum þroska einstaklinga, þjálfar huga og eflir tjáningarhæfni nemenda. Auk þess veitir gott tónlistarnám lífsfyllingu og hefur viðtækt félagslegt gildi. Tónlistarskólar gegna lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs. Skólarnir þjóna breiðum hópi tónlistaráhugasfólks á ýmsum aldri, jafnt þeim sem stunda námið sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám vekji ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.“ (bls. 7) Enn fremur segir: „Lögd er áhersla á sjálfstæði skóla. Í því skyni eru í aðalnámskrá tilmæli um að starfssvið tónlistarskóla skuli skilgreint í skólanámskrá þar sem fram komi markmið náms og fyrirkomulag skólstarfs í viðkomandi skóla.“ (bls. 7)

Aðalnámskráin mælir með víðsýni og sveigjanleika í kennsluháttum og skilgreinir meginmarkmið tónlistarskóla á eftirfarandi hátt: „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Í skólstarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluaðferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg.“ (bls. 13)

Um kennsluhætti segir meðal annars: „Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri.“ ... „Kennsluaðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.“ (bls. 23)



Foreldra- og styrktarfélag Tónstofu Valgerðar var stofnað haustið 2000. Meginmarkmið þess var að efla Tónstofuna og stuðla að því að hún yrði sjálfstæður tónlistarskóli sem nyti sömu fyrirgreiðslu og aðrir tónlistarskólar en þar sem nemendur með sérþarfir hefðu forgang. Í því sambandi vísar félagið til laga um tónlistarskóla og laga um jafnrétti fatlaðra til náms. Staðreyndin er sú að í Tónstofunni hafa verið nemendur sem ekki hafa átt greiðan aðgang að tónlistarskólum landsins og nemendur sem vísað hefur verið frá námi þegar sýnt þótti að þeir uppfylltu ekki kröfur um námsárangur eða þegar einstakir kennarar gáfust upp af því að sérþekkinguna skorti.

Á aðalfundi félagsins 13. nóvember 2017 lét Þorleifur Hauksson af störfum sem ritari félagsins. Undirrituð og allir sem að Tónstofunni koma þakka Þorleifi fyrir ómetanlegan stuðning og hlýhug, og framúrskarandi ritarastörf til sautján ára. Þorleifur var einn af stofnfélögum Foreldra- og styrktarfélagsins og eru fundargerðir hans einstakar og ómetanleg heimild um starfsemi Tónstofunnar.





Foreldra- og styrktarfélag Tónstofu Valgerðar gegnir hlutverki skólanefndar. Í nefndina er kosið á aðalfundi Foreldra- og styrktarfélagsins að hausti. Í nefndinni sitja nú:

Rut Ríkey Tryggvadóttir, formaður

Gerður Steinþórsdóttir, varaformaður

Gunnhildur Gísladóttir, gjaldkeri

Sólborg Bjarnadóttir, ritari

Dóra Eydís Pálsdóttir, meðstjórnandi

Ásthildur Gyða Torfadóttir, meðstjórnandi

Fulltrúi kennara er dr. Valgerður Jónsdóttir

Lög Foreldra- og styrktarfélags Tónstofu Valgerðar

1. gr.

Félagið heitir Foreldra- og styrktarfélag Tónstofu Valgerðar. Lögheimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík. Stjórn félagsins gegnir hlutverki skólanefndar Tónstofu Valgerðar.

2. gr.

Markmið félagsins er að vera stuðningsaðili í öllu starfi skólans.

3. gr.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að:

- Veita skólastjórnendum aðhald og hollráð í innra og ytra starfi skólans.
- Stuðla að kynningu á starfsemi skólans.
- Efla samkennd meðal nemenda og foreldra/forráðamanna.

4. gr.

Í félaginu eru foreldrar/forráðamenn nemenda Tónstofunnar. Velunnarar Tónstofunnar sem vilja leggja starfinu lið geta einnig orðið félagsmenn.

5. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hann skal haldinn í október árlega. Aðalfundur skal boðað rafrænt með a.m.k. viku fyrirvara. Fundurinn telst lögmætur sé rétt til hans boðað. Dagskrá aðalfundar tekur mið af almennum lögum um fundarsköp.

6. gr.

Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Hún skal skipuð sjö mönnum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst.

7. gr.

Félagsgjald skal ákvarðast af aðalfundi og innheimtast að vori. Stjórnin sér um fjáröflunarleiðir fyrir félagið.

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS SKÓLAÁRIÐ 2018 – 2019

Í starfsáætlun er gerð grein fyrir umhverfi og helstu verkefnum á næsta starfsári eins og þau liggja fyrir þegar þetta er skrifað í júní 2018. Nánari útfærslur um skiptingu verkefna og framkvæmd þeirra er að finna í vinnuskjölum skólans sem skýrast þegar nemendahópur næsta starfsárs, kennslutilhögun sem og rekstrarstaða liggur ljós fyrir.

NEMENDAFJÖLDI

Áætlaður nemendafjöldi skólaársins 2018-2019 er:

130 til 140 nemendur í grunn- og miðnámi í tónlistarsérkennslu.

Þar af eru 12 nemendur sem að jafnaði sækja námskeiðin Tón-leikur.

Næsta vetur verður boðið upp á námskeiðið Kór-leikur. Þátttakendur í því verða um 10 manns. Þátttakendur í þessum námskeiðum geta einnig sótt einstaklingstíma í Tónstofunni.

KENningarAR

Nemendafjöldinn gerir ráð fyrir sjö kennurum í fjórum stöðugildum skólaárið 2018 til 2019.

- Valgerður Jónsdóttir, starfshlutfall 100% kennarastaða, gegnir jafnframt stöðu skólastjóra, ritara, móttökuritara og ræstitækni.
- Marie Paulette Helene Huby, starfshlutfall 80% kennarastaða.
- Jóna Þórsdóttir, starfshlutfall 100% kennarastaða.
- Ásrún I. Kondrup, 50% kennarastaða.
- Kirstín Erna Blöndal, 25% kennarastaða.
- Rakel Pálsdóttir, 25% kennarastaða.
- Ari Agnarsson, stundakennari.

SKÓLADAGATAL

Skóladagatal Tónstofunnar fyrir skólaárið 2018-2019 samræmist að nokkru leyti skóladagatali Klettaskóla vegna fjölda þeirra nemenda sem stunda nám í báðum skólum. Einhverjar tilfærslur gætu orðið á dagsetningum fría og viðburða. (Sjá skóladagatal á öftustu síðu.)

HELSTU VERKEFNI

Veturinn 2018 til 2019 verður áfram unnið að rafrænni útgáfu efnis er tengist Hljómvangi.

Eftir viðburðaríkt afmælisár veturinn 2016 til 2017 sem teygði sig fram að áramótum 2017/2018 verður sjónum beint að innra starfi skólans, kynningu á starfinu, rekstrarþáttum og framtíðarsýn. Helstu viðburðir verða því hefðbundið tónleikahald, námskeið fyrir kennarar og

nemendur, og samtal við aðila í háskólaumhverfinu og stjórnsýslunni sem leiða umræðu og stefnumótun í málefnum fatlaðra.

Sem fyrr er gert ráð fyrir öflugum tónleikahaldi starfsárið 2018-2019, bæði innan veggja skólans og utan. Við tökum fagnandi á móti heimsóknnum innlendra og erlendra gesta og vonum að heimsóknir frá öðrum tónlistarskólum setja svip sinn á skólastarfið og auka fjölbreyttni tónleikahaldsins næsta skólaár. Nemendur Tónstofunnar leika við messur í kirkjum borgarinnar, við afhendingu Kærleikskúlu SLF, og við fleiri viðburði árlega.

SAMSTARF EÐA ÞRÓUNARVERKEFNI

Samvinna á milli tónlistarskóla og grunnskóla er á stefnuskrá Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Tónlistarskólarnir hafa verið hvattir til að leggja sitt af mörkum og í samvinnu við skólastjórnendur bjóða upp á for- og grunnnám tónlistarkennslunnar innan veggja grunnskólanna.

Frá haustinu 2007 til vorsins 2015 naut Tónstofan velvilja skólastjórnenda Öskjuhlíðarskóla/Klettaskóla, fyrst með aðgangi að tónmenntastofu skólans og síðar með aðgengi að skólastofunni Höfða á lóð skólans þrjá daga í viku. Tónstofan þakkar skólastjórnendum og kennurum Klettaskóla innilega fyrir velviljann og farsælt samstarf á liðnum árum. Vegna þrængsla í Klettaskóla missti Tónstofan aðgang að Höfða vorið 2015. Reynslan hefur kennt okkur að samstarf við grunnskólann kemur nemendum sem það nýta og forráðamönnum þeirra til góða. Nemendahópurinn gengur síður þreyttur til leiks og foreldrar spara tíma og fyrirhöfn sem felst í keyrslu í og úr tónlistarskólanum og oft fjarvistir frá vinnu. Skólastjórnendur Klettaskóla eru meðvitaðir um áhuga Tónstofunnar og forráðamanna nemendahópsins á að hefja samstarf að nýju um leið og aðstæður leyfa í Klettaskóla.

Leitað var leiða til að koma til móts við nemendahópinn og fékkst aðstaða í frístundaheimilinu Öskju í Safamýri haustið 2015. Síðastliðið skólaár stunduðu þar 30 nemendur nám sitt í einkatímum auk þess sem boðið var upp á hóptíma. Áfram verður leitað eftir samstarfi við Öskju og ef vilyrði fæst verður samstarfið með svipuðu sniði næsta skólaár.

Nemendahópur sem var í dagvist í Lyngási átti þess kost að sækja tónlistartíma sína í Öskju. Nú hefur Lyngási verið lokað og mun nemendahópurinn þaðan því þurfa að sækja tónlistartíma sína annars staðar. Ef mögulegt er verður samstarfi komið á við Bjarkarás þar sem hluti þessara nemenda sækir nú dagvist sína.

Næsta skólaár verður áfram lögð áhersla á að byggja upp námskeiðin/tónlistarhópana *Tón-leik* og *Kór-leik* í samstarfi við Ás styrktarfélag.

Í *Tón-leik* fá þátttakendur að njóta sín á eigin forsendum, í kennslu sem beinist að því að efla tónnæmi, tónlistarfærni, bæta líðan og veita sköpunarþörfinni útrás. Þátttakendur kynnast

eðlisþáttum tónlistar eins og laglínu, hljómunum, hrynjandi, hljóðfalli, styrkleika, formi, blæ og stíl, í leik með fjölbreytt hljóðfærasafn, sönguraddir og eigin líkama. Í Tón-leik er unnið með tónlist af ýmsum toga samhliða spuna þátttakenda. Gert er ráð fyrir að allt að 12 nemendur sækji þessi námskeið á hverjum tíma.

Í *Kór-leik* verður unnið með röddina í öllum sínum fjölbreytileika. Þátttakendur verða látnir gera upphitunaræfingar og margskonar raddæfingar. Unnið verður með raddspuna og sönglög af ýmsu tagi sem verða kynnt og æfð. Í lok námskeiðs stíga þátttakendur á svið.

Skilyrði fyrir þátttöku:

Að umsækjandi njóti söngs og hafi gaman af að syngja.

Að hann eigi auðvelt með að einbeita sér í hóp.

Að hann eigi auðvelt með að vinna með öðrum og hafi úthald í um klukkutíma stund.

Að hann njóti þess að koma fram og að syngja fyrir aðra.

Spjaldtölvur hefur verið nýtt í skólastarfinu bæði sem kennslutæki og til að miðla til forráðamanna og annarra aðstandenda framvindu námsins. Mikil ánægja er með þetta upplýsingaflæði og munu kennarar halda áfram að byggja upp þekkingu sína á þessu sviði svo hún nýtist sem best nemendahópnum og aðstandendum þeirra.

Reynslunni ríkari af ánægjulegu samstarfi við Skólahljómsveit Austurbæjar og strengjakvartett frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar á afmælisári munum við kanna möguleika á frekara samstarfi við aðra tónlistarskóla og hljóðfærahópa í tengslum við tónleikahald og listahátíðir.

Einnig munum við leggja áherslu á að halda tengslum við erlenda gesti afmælisársins sem komu frá Noregi, Lettlandi og Finnlandi.

Tónstofan hefur áform um að kynna starfið á landsbyggðinni og að stofna til samstarfs við skóla og hæfingastöðvar sem hafa það að markmiði að draga úr áhrifum fötlunar og auka færni fatlaðra til þátttöku í daglegu lífi.

Listasmiðjum Tónstofunnar verður einnig ýtt úr vör á næsta skólaári.

ANNAÐ

Kennslutilhögun verður óbreytt frá fyrra ári. Kennsla mun fara fram í einstaklingstímum og fámennum hópum. Bjöllukór verður starfræktur svo og söng- og hljóðfærahópar. Skólastarfið er í stöðugri framþróun, og sífellt er leitað leiða til að koma sem best til móts við óskir og þarfir hvers nemanda í hinu einstaklingsmiðaða námi. Nemendurnir eru á öllum aldri og glíma við ólíkar sérþarfir bæði líkamlegar og andlegar. Við breytum aðstæður í nýju og betra leiguhúsnaði að Stórhöfða 23 (frá janúar 2012) hefur Tónstofan ágætt svigrúm til að þróa fjölbreytta kennsluhætti og nýjungar í skólastarfinu. Aðstaða Tónstofunnar í

frístundaheimilinu Öskju hvetur einnig til samstarfs og nýrra viðfangsefna sem eru í stöðugri þróun.

Tónstofan gerði sér vonir um að geta stækkað leiguhúsnæði sitt að Stórhöfða 23 skólaárið 2018 til 2019 þar sem húsnæði á jarðhæð, gegnt húsnæði Tónstofunnar, var að losna. Sú von brást þar sem leigusaliinn Reginn Fasteignafélag hefur nú þegar leigt öðrum umrætt húsnæði, þrátt fyrir ítrekaðar munnlegar og skriflegar óskir Tónstofunnar. Eru þetta mikil vonbrigði sem gætu haft áhrif á starfsáætlun næsta skólaárs.

INNTRITUN NEMENDA

Innritun nemenda fer fram allt skólaárið, en áhugasamir eru þó hvattir til að sækja um að vori og að hausti. Nemendur eru teknir inn af rafrænum biðlista á miðlægum gagnagrunni Reykjavíkurborgar. Samsetningu lögheimila nemendahópsins er því ekki stjórnað af undirritaðri.

Allir nemendur skólans þurfa að sækja um skólavist í Rafrænni Reykjavík, sem er þjónustuver Reykvíkinga á vefnum (líka þeir sem eiga lögheimili utan Reykjavíkur). Umsóknin er gagnvirk og skráist beint í miðlegan gagnagrunn. Í þjónustugáttinni er síðan hægt að fylgjast með stöðu mála, hvort umsóknin hefur verið samþykkt, sett á biðlista, verið hafnað o.s.frv. Allir íbúar Reykjavíkur eldri en 18 ára geta stofnað þjónustugátt á vefsvæðinu. Börn undir 18 ára aldri eru skráð í þjónustugátt foreldra sinna. Foreldrar sækja um fyrir börn sín undir 18 ára aldri. Börn eru skráð hjá því foreldri sem þau hafa lögheimili hjá skv. þjóðskrá. Ítarlegri hjálp er að finna inni í kerfinu, einnig má fá aðstoð með því að hafa samband við Tónstofuna í síma 5612288 eða 8622040. Það er markmið Reykjavíkurborgar að vefurinn verði öflug þjónustuveita íbúa þar sem hægt verður að senda inn umsóknir, erindi og eiga samskipti við borgina á hvaða tíma sólarhringsins sem er.

Umsókn um skólavist er hvorki bindandi af hálfu umsækjanda né af hálfu skólans. Aðstæður skólans breytast frá ári til árs, en á hverjum tíma er reynt að koma til móts við eins marga umsækjendur og mögulegt er.

Sækja má um skólavist með eftirtöldum hætti:

- Á Rafrænni Reykjavík.
- Á skrifstofu skólans að Stórhöfða 23.
- Með því að fylla út umsóknareyðublað og senda til skólans rafrænt eða í pósti (sjá heimasíðu skólans www.tonstofan.is).
- Með því að senda tölvupóst til skólans tonsvj@mmedia.is með nauðsynlegum upplýsingum (sjá heimasíðu skólans / innritun).

Vakin er athygli á því að ef tónlistarskólinn er utan lögheimilissveitarfélags, þarf að endurnýja umsóknir árlega hjá viðkomandi sveitarfélagi og staðfest samþykki þess að liggja fyrir áður en nemandi hefur eða heldur áfram námi í tónlistarskólanum. Því er brýnt að þeir sem hafa áhuga á skólavist eða ætla sér að halda áfram námi í Tónstofunni frá ári til árs láti skólann vita og sendi inn beiðni til lögheimilissveitarfélags þar að lútandi snemma vors.

Sum sveitarfélög hafa þar til gert eyðublað/beiðni á heimasíðu sinni (nám í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags) sem nauðsynlegt er að fylla út og skila á viðkomandi skólaskrifstofu.

Umsækjendur fyrir næsta skólaár þurfa að vera skuldlausir við Tónstofuna og eru hlutaðeigandi hvattir til að greiða útistandandi skólagjöld fyrir 15. júní ár hvert. Um greiðslutilhögun má þó alltaf semja svo fremi að haft sé samband við skólann. Upplýsingar um skólagjöld má finna á heimasíðu skólans.

KENNSLUSTAÐIR

Eins og áður hefur komið fram fer kennsla nemenda Tónstofunnar fram í leiguhúsnæði að Stórhöfða 23, 110 Reykjavík. Þar starfa sjö kennarar. Í húsnæði frístundaheimilisins Öskju starfar einn kennari frá Tónstofunni sem kennir 20 til 30 nemendum á hverjum tíma. Eins og áður hefur komið fram er það von okkar að samstarfið við Klettaskóla verði tekið upp aftur þegar framkvæmdum við stækkun skólans lýkur.

Kennsla getur einnig farið fram í grunnskóla nemandans sé þess óskað sérstaklega, og ef tónlistarkennari hans starfar einnig við viðkomandi grunnskóla.

Á næsta skólaári verður einnig kannað hvort hægt verði að koma upp kennsluáðstöðu í Bjarkarási (eins og áður segir), vegna nemendahóps Tónstofunnar sem þar sækir dagvist og vinnu.

Þegar fyrsti þjónustusamningur við Tónstofuna var gerður réði geðþóttaákvörðun því að stór hluti nemendahópsins var skilgreindur sem börn í forskóla. Börn í forskólum tónlistarskólanna eru í hóptímum en sökum sérþarfa sinna eru nemendur Tónstofunnar í einkatímum. Óháð aldri nemenda og árafjölda í skólanum hefur Tónstofan kosið að skilgreina stærsta hluta nemendahópsins sem börn í grunnnámi. Nokkrir eru jafnframt skilgreindir í miðnámi sökum áherslu í námi og vikulegrar viðveru. Nemendurnir sækja einkatíma og þegar færni leyfir einnig hóptíma. Þjónustusamningar sem Skóla- og frístundasvið gerir við Tónstofuna á hverjum tíma stjórnar kennsluháttum Tónstofunnar.

Eins og sjá má á nemendagreiningu Tónstofunnar fenginni af miðlægum gagnagrunni Reykjavíkurborgar hefur nemendum með lögheimili í Reykjavík fjölgað jafnt og þétt. Fækkun nemenda með lögheimili í Reykjavík á milli vors 2015 og 2016, er vegna nemenda í 1. til 5. bekk Klettaskóla sem ekki gátu lengur sótt tíma sína þar og ákváðu því að hætta tímabundið enda orðnir góðu vanir.

Í janúar 2013 fékk Tónstofan leiðréttingu og viðbót við gildandi þjónustusamning frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Nemendum var strax fjölgað við skólann eins og kemur fram í yfirlitinu hér að neðan. Hversu stór nemendahópurinn verður skólaárið 2018-2019 er ekki vitað þegar þetta er skrifað en stefnt er að því að hann verði um 140. Endanlegri uppfærslu á nemendalistanum verður ekki lokið fyrr en í ágúst 2018.

Sérstaða nemendahópsins leyfir ekki samkennslu eins og hvatt er til í reglugerð Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að auka nemendafjölda tónlistarskólanna, og ekki verður fjölgað í skólanum á kostnað kennslumagns núverandi nemenda. Aukinn nemendafjöldi í Tónstofunni kallar því á stuðning með fleiri nemendaígildum frá sveitarfélögunum öllum. Það væri óskandi að nágrennasveitarfélögin tækju sig saman og samræmdu viðmiðunarreglur um þann fjölda nemenda er fengi stuðning síns lögheimilissveitarfélags til að stunda nám í Tónstofunni. Árleg óvissa er bæði heftandi og slítandi fyrir stjórnanda skólans. Kynningarfundir verða skipulagðir á hausti komandi og væri óskandi að fulltrúar sveitarfélaganna sæu sér fært að mæta til að kynna sér einstakt starf og sérstöðu Tónstofunnar.

Nemendagreining samkvæmt miðlægum gagnagrunni							
Skólaár	Vorið 2012	Vorið 2013	Vorið 2014	Vorið 2015	Vorið 2016	Vorið 2017	Vorið 2018
Heildarfjöldi nemenda	67	75	105	114	115	120	128
Lögheimili í Reykjavík	41	53	77	81	74	74	78
Þar af úr hverfum 109 <	14	20	35	33	34	33	38
Lögheimili á Seltjarnarnesi	2	2	1	1	1	1	1
Lögheimili í Mosfellsbæ	2	1	2	3	6	6	7
Lögheimili í Kjósahreppi	1	1	1	1	1	1	1
Lögheimili í Kópavogi	11	7	11	14	17	20	20
Lögheimili í Garðabæ	4	4	6(1)	7(1)	7(1)	7(1)	11
Lögheimili í Hafnarfirði	6	7	6	6	7	11	10

Sérþarfir nemendanna og óskir foreldra stjórna kennslumagni þeirra, sem getur verið allt frá 30 mínútum á viku, til tveggja klukkustunda. Sérþarfir nemendanna stjórna því einnig hvort þeir séu hæfir til þátttöku í hóptímum og auki þar með kennslumagn sitt. Kennslumagn hvers og eins getur einnig breyst frá einni önn til annarrar en verður þó aldrei minna en 30 mínútur á viku í einkakennslu. Til viðbótar við hvern kenndan tíma reiknast svo tími vegna sérstakrar námsefnisgerðar, samskipta við foreldra, undirbúnings fyrir kennslustund og skráningu námsframvindu.

MARKMIÐ OG SÉRSTAÐA TÓNSTOFUNNAR

Sjá inngang hér að ofan.

Markmið og sérstaða Tónstofunnar var skilgreind þegar hún tók til starfa árið 1986. Þar hafa forgang einstaklingar sem ekki hafa greiðan aðgang að öðrum tónlistarskólum; einstaklingar sem vegna fatlana og eða sjúkdóma þarfnast sérstaks stuðnings í tónlistarnámi sínu. Framvinda og markmið kennslunnar sem og kennsluaðferðirnar taka mið af forsendum, þörfum og óskum hvers einstaks nemanda. Í Tónstofunni er því hægt að leggja stund á hefðbundið tónlistarnám en einnig má njóta þar fjölpætrrar tónlistariðkunar sem eflir alhliða tjáningarfærni, tónnæmi og tónlistarfærni, og veitir sköpunarþörfinni útrás. Á 30 ára afmælisári veturinn 2016 – 2017 voru 120 nemendur á öllum aldri skráðir í skólann og á næsta skólaári stefnir nemendafjöldinn í 140. Tónstofan er með þjónustusamning við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar en nemendahópurinn kemur frá öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu eins og áður segir.

Regluverk Reykjavíkurborgar og úthlutun fjármuna er byggir á þjónustusamningi stjórnar rekstraröryggi Tónstofunnar líkt og annarra tónlistarskóla í Reykjavík. Þrátt fyrir velvilja yfirvalda hefur vöxtur Tónstofunnar verið hægur. Draumsýnin, sem byggir á jafnrétti til náms,

lífir þó enn. Draumsýnin rúmar skóla sem skilgreina mætti sem listamiðstöð, þar sem boðið er upp á einstaklings- og hóptíma, kóra- og hljómsveitarstarf af ýmsu tagi, blandað listnám, rannsóknir og þróunarstarf. Skóla sem starfar í tengslum við aðra skóla, listamenn og listastofnanir hér á landi og erlendis. Vegna óeigingjarns starfs ábyrgðaraðila, velvilja og stuðnings frá samfélaginu má segja að draumsýnin sé í dag að stórum hluta orðin að veruleika.

VIÐURKENNINGAR OG STYRKIR

Viðurkenningar sem Tónstofan hefur hlotið á liðnum árum, sem og stuðningur frá einstaklingum og samtökum bera vott um árangursríkt starf og samfélagslegt gildi skólans:

Tónstofan hlaut viðurkenninguna Múrbrjótinn frá Landssamtökunum Þroskahjálp 1999 fyrir brautryðjandastarf sitt í tónlistarkennslu fatlaðra. Við afhendingu viðurkenningarinnar sagði formaður samtakanna Halldór Gunnarsson m.a.: „Verðlaunagripurinn Múrbrjóturinn vísar til þess slagkrafts sem viðkomandi stofnanir eða einstaklingar búa yfir. Múrbrjótar okkar í dag hafa ráðist að þeim félagslegu múrum sem gjarnan rísa í kringum fatlaða einstaklinga.“

Tónstofan fékk Hvatningarverðlaun ÖBÍ árið 2008 í flokknum fyrirtæki. Veitt voru þrenn verðlaun til fyrirtækis, stofnunar og einstaklings, sem þóttu hafa skarað fram úr og endurspeglad nótímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðra í samfélaginu.

Tónstofan var tilnefnd til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2010 í flokknum *Frá kynslóð til kynslóðar*. Í þessum flokki koma allir þeir til greina sem hafa unnið eftirtektafvert starf í þágu menntunar, uppræðslu eða umönnunar þeirrar kynslóðar sem er að vaxa úr grasi, jafnt einstaklingar sem samtök eða stofnanir.

Tónstofa Valgerðar og Bjöllukórinn eru handhafar Kærleikskúlu SLF árið 2010. Um handhafa kærleikskúlunnar segir á vef SLF: „Valgerður hefur með óeigingjörnu starfi sínu gefið fjöldanum öllum af nemendum með sérþarfir kost á að njóta tónlistarnáms og þannig endurspeglad nótímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðra í samfélaginu. Bjöllukórinn hefur þau tólf ár sem hann hefur verið starfandi gefið þeim sem í honum eru mikla gleði og ekki síður þeim sem hafa notið þeirrar gæfu að hlýða á hann.“

Fyrsta desember 2012 veitti Velferðarsjóður barna Tónstofunni heiðursverðlaun að upphæð krónur 250.000 fyrir störf í þágu fatlaðra barna.

Í Oddfellowblaðinu sem kom út í desember 2013 segir Ingvi Þ. Þorsteinsson frá stofnun og hlutverki Lista- og vísindasjóðs Oddfellowreglunnar. Í maí 2013 var Tónstofan ásamt

Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna styrkþegi sjóðsins. Í Tónstofunni var styrkurinn nýttur til að koma til móts við forráðamenn sem áttu erfitt með greiðslu skólagjalda.

Í júní 2018 var undirrituð sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf á vettvangi tónlistarkennslu fatlaðra. Auðmjúk og þakklát tók undirrituð við þessari miklu viðurkenningu fyrir hönd allra sem standa að Tónstofunni. Starfið hefur borið ríkulegan ávöxt á liðnum árum og þakklátir nemendur og forráðamenn bera hag Tónstofunnar fyrir brjósti.

MAT Á NÁMSÁRANGRI OG STARFSEMI SKÓLANS

Nemendur sem eru þess megnugir taka stigspróf á hljóðfæri sín. Utanaðkomandi prófdómari er þá fenginn til að prófdæma nemandann. Einungis tveir nemendur í Tónstofunni hafa lokið stigsprófum í píanóleik. Einn nemandi hefur lokið grunnnámi í píanóleik. Annars eru formleg stöðupróf ekki notuð til að meta árangur kennslunnar og framfarir nemenda. Sívirkt námsmat er samofið kennslunni og styðst við bæði formlegar og óformlegar kannanir. Þannig er sífellt verið að endurmeta námsáfangu til lengri og skemmri tíma og þróa árangursríkari kennsluáðferðir. Gleði og áhugi nemandans sem og ánægja og áhugi foreldra á námi barna sinna er þýðingarmikill mælikvarði á árangur kennslunnar og starfsemi Tónstofunnar. Fjöldi vortónleika ber vott um blómlega og vaxandi starfsemi sem skilar árangri.

Mikilvægt er að halda góðum tengslum á milli heimilis nemenda og Tónstofunnar. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með framförum barna sinna, gefa kennurum hollráð varðandi kennsluáðferðir og námstilhögun og að hafa samband við kennara og skólustjóra hvenær sem þurfa þykir. Í Tónstofunni að Stórhöfða og í Öskju eru kennslustundirnar opnar sem þýðir að foreldrum er ávalt velkomið að taka þátt í þeim. Sérstök foreldravika er skipulögð á vormisserinu og eru foreldrar þá sérstaklega hvattir til að kynna sér skólastarfið og til að mæta í tíma barna sinna.

INNRA OG YTRA MAT Á STARFSEMI TÓNSTOFUNNAR

Mat á starfsemi og starfsháttum er viðamikil verkefni. Tónlistarskólar gera margir sínar eigin kannanir og er það hluti af matskerfi þeirra. Skóla- og frístundasvið hefur svo framkvæmt foreldrakannanir. Niðurstöður úr hvoru tveggja eru notaðar til að rýna í starfið og bæta það.

Leiðbeiningar um innra mat skóla. Stuttar leiðbeiningar fyrir matsteymi eftir Sigurlínu Davíðsdóttur, Björk Ólafsdóttur, Halldóru Pétursdóttur, Helgu Dís Sigurðardóttur, Ólaf H. Jóhannsson og Sigríði Sigurðardóttur eru hnitmiðaðar leiðbeiningar um gerð innra mats á skólastarfi sem nýtast vel til að meta skólastarfið í Tónstofunni. Þar segir á bls. 4: „Mikilvægt er að byrja með lítið umfang í upphafi þegar kennarar og annað starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Hins vegar er nauðsynlegt að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að innra mat nái til allra sviða skólastarfsins á ákveðnu tímabili, t.d. á þremur til fimm árum. Taka þarf mið af aðalnámskrá, stefnu sveitarfélagsins og gildandi lögum. Eftirfarandi listi gæti gefið hugmynd um helstu þætti sem matið þarf að ná til þegar til lengri tíma er litið:

- Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta
- Nám og námsárangur
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf

- Stjórnun
- Viðmót og menning skóla
- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og skóla
- Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaáðgerðir/þróunarstarf
- Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma

Innra mat í Tónstofunni á sér stað með samtali á milli kennara og stjórnanda skólans á reglulegum kennarafundum sem og á reglulegum fundum skólanefndar þar sem ofangreindir þættir eru hafðir til viðmiðunar. Einnig á sér stað reglubundið samtal á milli kennara og forráðamanna nemenda. Sökum sérstöðu nemendahópsins eru kennarar jafnframt hvattir til sjálfstæðis og nýsköpunar.

Í apríl 2018 fór fram viðhorfskönnun forráðamanna nemenda í tónlistarnámi á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (síðast tók Tónstofan þátt í formlegri könnun á vegum Reykjavíkurborgar árið 2009). Könnunin fór fram á netinu og mun Tónstofan fá sérstaka skýrslu með niðurstöðum auk þess sem heildarskýrsla verður gerð fyrir alla tónlistarskóla/skólahljómsveitir borgarinnar.

Fulltrúum stjórnsýslunnar og starfsfólki sveitarfélaganna er árlega boðið á formlega kynningarfundum sem haldnir eru í Tónstofunni. Á þessum fundum gefst stjórnsýslunni tækifæri til að leggja mat á starfsemi Tónstofunnar, viðra skoðanir sínar og benda á það sem betur mætti fara. Mæting á þessa fundi er alltaf mjög dræm.

MATSÁÆTLUN 2018-2019

Tónstofan hvetur til óformlegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar á milli forráðamanna og kennara á reglulegum fundum. Til leiðbeiningar á slíkum fundum er bæklingurinn *Leiðbeiningar um innra mat skóla. Stuttar leiðbeiningar fyrir matsteymi* (sjá hér að ofan) hafður til hliðsjónar. Á næsta skólaári verða skoðanaskipti og upplýsingamiðlun með sama sniði og verið hefur. Bundnar eru vonir við að viðhorfskönnunin frá í apríl sl. verði gagnlegur leiðarvísir að bættu skólastarfi sem og sú yfirgripsmikla vinna sem hafin er við gerð gæðaviðmiðs í Tónlistarskólum og skólahljómsveitum á vegum Reykjavíkurborgar. Verður spennandi að taka þátt í því starfi á vetri komandi. Starfi sem vonandi verður öllum til hagsbóta.

Tónstofan fylgir stefnu Reykjavíkurborgar (sem getið er um í skýrslu starfshóps um stefnumótun í tónlistarfræðslu í Reykjavík frá 2011), með því m.a.: að bjóða kennslu á skólatíma barna, að starfa í tengslum við frístundaheimilið Öskju, að mismuna ekki sökum sérþarfa/fötlunar eða annars, að bjóða upp á fjölbreytt nám og sveigjanlegar námsleiðir. Einnig fylgir Tónstofan eftirfarandi reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017 og lesa má hér að neðan áhugasömum til glöggvunar.

Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um:

1.1 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborgar gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem stunda fornám, grunnám og miðnám á hljóðfæri og fornám og grunnám í söng (neðri stig tónlistarnáms), sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og aðalnámskrá tónlistarskóla, sbr. auglýsingu nr. 529/2000, og úthlutun fjármagns á grundvelli þeirra. 1.2 Þjónustusamninga, sem Reykjavíkurborg gerir við tónlistarskóla í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og sem stunda nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig (efri stig tónlistarnáms), og greitt er vegna á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglna Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, um framlögin. 1.3 Áður en þjónustusamningur er gerður við tónlistarskóla skal eftirfarandi liggja fyrir: 1.3.1 Sérstakt samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis sbr. lög nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. 1.3.2 Samþykktir fyrir tónlistarskóla, þar sem fram kemur rekstrarform, stjórn, og fjármögnun, undirritaðar af stjórn eða skólanefnd skólans. 1.3.3 Þriggja ára fjárhagsáætlun skólans eða fjárhagsáætlun til jafn langs tíma og þjónustusamningur nær til. 1.3.4 Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um rekstrarhæfi tónlistarskóla áður en þjónustusamningur er gerður við skólann og hvenær sem er eftir að slíkur samningur hefur verið gerður ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Ef vafi leikur á um rekstrarhæfi tónlistarskóla er Reykjavíkurborg heimilt að hafna samningsgerð við skólann eða eftir atvikum að segja upp gildandi samningi. Til samræmis við lög um ársreikninga nr. 3/2006 skal koma fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi ef vafi leikur á um rekstrarhæfi sbr. gr. 12.4 í reglum þessum.

2. gr. Skilgreiningar á hugtökum

2.1 Með tónlistarskóla í reglum þessum er átt við tónlistarskóla eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga nr. 75/1985. 2.2 Með neðri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við fornám, grunnám og nám á miðstigi í hljóðfæraleik og fornám og grunnám í söng. Fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar er bundinn við nemendur í framangreindu námi með lögheimili í Reykjavík.

2.3 Með efri stigum tónlistarnáms í reglum þessum er átt við nám í söng á miðstigi, framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig og nám í hljóðfæraleik á framhaldsstigi og viðbótarnám eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg leggur ekki til fjármuni vegna framangreinds náms heldur miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Ekki er gerð krafa um að nemendur hafi lögheimili í Reykjavík. 2.4 Með nemendastundum í reglum þessum er átt við allar kennslustundir í aðalnámsgrein, meðleik og aukánámsgreinum auk stjórnunarstunda skv. kjarasamningum, umreiknuðum yfir í kennslustundir í grunnnámi. 2.5 Jafngildi grunnstigsnemanda í fullu námi er í reglum þessum talið 38 nemendastundir á ári.

3. gr. Markmið

3.1 Markmið reglna þessara er: 3.1.1 Að stuðla að góðu, faglegu, vel skipulögðu og fjölbreyttu námi á neðri og efri stigum tónlistarnáms í Reykjavík. 3.1.2 Að stuðla að því að hjá tónlistarskólum í Reykjavík starfi fagfólk, sem hefur menntun og hæfni til að sinna kennslu í tónlistarnámi. 3.1.3 Að stuðla að því að tónlistarskólar í Reykjavík séu sýnilegt og lifandi afl í nærumhverfi sínu.

4. gr.

4.1 Í þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla skal að minnsta kosti fjalla um fjárframlag til tónlistarskóla og kennslumagn, skilyrði framlags til tónlistarskóla, skilyrði um kennslu og kennslumagn tónlistarnáms, umsókn og innritun í tónlistarskóla, upplýsingagjöf og eftirlit, vanefndir á þjónustusamningi, leiðréttingar á fjárframlagi og samningstíma.

5. gr. Um fjárframlag til tónlistarskóla

5.1 Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra tónlistarskóla sem gert hafa þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

5.2 Fjárframlag vegna nemenda á neðri stigum tónlistarnáms: Reykjavíkurborg tekur ákvörðun um árlegt heildarfjármagn og kennslumagn til tónlistarskóla vegna náms á neðri stigum tónlistarnáms. Heildarframlög til skólanna ráðast af árlegum fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og geta framlög til skólanna tekið breytingum milli ára. Alla jafna er tekið tillit til gildandi úthlutunar við úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

5.3 Fjárframlag vegna nemenda á efri stigum tónlistarnáms: Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms, sbr. gr. 2.3 reglna þessara. Um úthlutun, miðlun og nýtingu framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gilda ákvæði samkomulags, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglur Jöfnunarsjóðs, dags. 31. ágúst 2016, og ákvæði reglna þessara.

5.4 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir tónlistarskólum fjárframlag í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.1 í reglum þessum og miðlar framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í samræmi við þjónustusamninga, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum.

5.5 Um fjárframlag vegna nemenda á neðri og efri stigum tónlistarnáms:

Bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

5.6 Tónlistarskóli nýtir árlegt framlag til greiðslu kennslu- og stjórnunarkostnaðar í samræmi við þann fjölda nemendastunda sem tilgreindar eru í samningi við hann og skólarnir telja sig að lágmarki geta kennt m.v. heildarframlag.

5.7 Tónlistarskólar skulu innheimta skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af styrktarmeðlimum eða annarri fjáröflun.

5.8 Tónlistarskólar bera ábyrgð á að kennsla og önnur starfsemi þeirra sé í samræmi við gildandi þjónustusamning. Skilyrði þess að tónlistarskóli fái fjárframlag Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að hann starfi að fullu samkvæmt þessum reglum.

5.9 Tónlistarskólum ber að fara eftir kjarasamningum sem Samband Íslenskra sveitarfélaga gerir við stéttarfélag tónlistarskólakennara á hverjum tíma, þ.m.t. ábyrgð á réttu og samræmdu mati menntunar og reynslu tónlistarkennara í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

5.10 Tónlistarskóli sem greiðir fleiri stjórnunarstundir en kjarasamningar kveða á um þarf að skila frávikagreiningu til Reykjavíkurborgar en hvorki fjármagn frá Reykjavíkurborg né Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skal nota til greiðslu þess kostnaðar.

5.11 Tónlistarskóla er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar skólans við afleysingar vegna langtímaforfalla tónlistarkennara sem ekki hafa náð 70 ára aldri, að loknum samfelldum eins mánaðar forföllum kennarans, sem staðfest eru með læknisvottorði og að því gefnu að tónlistarkennarinn eigi rétt á greiðslu launa í veikindum sínum. Umsóknarfrestur um aukaframlag er til 1. júní vegna yfirstandandi skólaárs. Ekki er greitt aukaframlag vegna viðbótarlaunakostnaðar vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr. Ákvörðun um breytingu á úthlutun fjárframlags

6.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar gerir tillögu til borgarráðs um gerð þjónustusamnings við nýja tónlistarskóla, s.s. í nýjum hverfum, hverfum sem eru í vexti eða þegar starfandi tónlistarskóli hættir rekstri. Í þessum tilvikum skal Reykjavíkurborg auglýsa eftir aðilum sem áhuga hafa á að reka tónlistarskóla eða setja upp útibú frá starfandi skóla.

6.2 Ef tónlistarskóli hættir eða umtalsverð fækkun verður á kenndum stundum í tilgreindum skólum er heimilt að úthluta samsvarandi stundum til annarra skóla. Miða skal við að beina kennslumagni einkum í þau hverfi sem eru í vexti með tilliti til barnafjölda eða þar sem fá tækifæri eru til tónlistarnáms.

6.3 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur veitt tónlistarskóla undanþágu frá lágmarksfjölda nemenda (150) eða ígildi þess ef um er að ræða borgarhluta sem skortir slíka þjónustu að mati skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, nýjungar í starfi eða faglega þróun sem talin er þörf á að styrkja, s.s. fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning Tillögu um slíkt skal leggja fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

7. gr. Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri stigum tónlistarnáms

7.1 Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirtalin skilyrði og markmið um kennslu og kennslumagn vegna neðra stiga tónlistarnáms:

7.1.1 Tónlistarskóli skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, á starfstíma tónlistarskólans samkvæmt kjarasamningi.

7.1.2 Aðalnámsskrá tónlistarskóla skal ávallt liggja til grundvallar náminu, en skólanum er heimilt að leggja áherslu á afmarkaða þætti aðalnámsskrárinnar í þeim tilgangi að auka fjölbreytni í tónlistarskólalastarfinu og mæta áhuga nemenda.

7.1.3 Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar.

7.1.4 Tónlistarskóla er heimilt að sækja um að fjárframlög úr borgarsjóði vegna samþykkt kennslumagns á neðri stigum tónlistarnáms verði nýtt með öðrum hætti en að framan greinir, en þó aðeins þannig að breytingin leiði til fjölgunar nemenda, enda fái hver nemandi í fullu námi a.m.k. eina klukkustund á viku í aðalnámsgrein sinni þar sem kennsla fer fram í smærri eða stærri hópum auk hliðargreina. Skólinn skal gera grein fyrir nýtingu fjármagns á grundvelli breytts fyrirkomulags kennslu og áhrifum þess í starfsáætlun og greinargerð.

7.1.5 Áhersla er lögð á að tónlistarskólar leiti eftir samstarfi við grunnskóla Reykjavíkurborgar um kennslu yngri nemenda á skólatíma eða í beinu framhaldi af honum. Skriflegt samþykki foreldra nemenda þarf til að taka nemendur út úr kennslutímum grunnskóla til iðkunar tónlistarnáms.

8. gr. Skilyrði um kennslu og kennslumagn á efri stigum tónlistarnáms

8.1 Á grundvelli samkomulags ríkis við Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. apríl 2016, um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms greiðir ríkið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna náms í hljóðfærleiki á framhaldsstigi og náms í söng á miðstigi og framhaldsstigi auk viðbótarnáms eftir framhaldsstig. Reykjavíkurborg tekur við framlagi vegna tónlistarnáms á efri stigum frá Jöfnunarsjóði, stýrir aðgengi að náminu og nýtingu kennslumagns með gerð þjónustusamninga og greiðir áfram til tónlistarskóla á grundvelli samkomulags og reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og að teknu tilliti til málefnalegra sjónarmiða þegar þeim reglum sleppir.

8.2 Í þjónustusamningi við tónlistarskóla vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms skal tilgreina heildarframlag á skólaárinu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem kemur í hlut skólans vegna þess kennslumagns sem fellur undir samkomulag og ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 og reglur Jöfnunarsjóðs um framlögin. Sömuleiðis skal tilgreina það kennslumagn sem miðað er við í útreikningi framlags, sem byggir á upplýsingum frá skólum til Reykjavíkurborgar og Jöfnunarsjóðs frá fyrra ári. Enn fremur skal tilgreina það lágmarkskennslumagn sem skólanum er ætlað að uppfylla. Fjármagn skal að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar vegna náms á efri stigum tónlistarnáms.

8.3 Tónlistarskóli skal fylgja reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um kennslu og nýtingu kennslumagns og þessum reglum þegar reglum Jöfnunarsjóðs sleppir.

9. gr. Skilyrði um kennslu og kennslumagn á neðri og efri stigum tónlistarnáms

9.1 Tónlistarskóli þarf að jafnaði að hafa a.m.k. 150 nemendur eða ígildi þess fjölda á grunnstigi, sem stunda nám til viðurkenndra áfangaprófa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Skóli er ekki skyldugur til að hafa 150 reykvíska nemendur, heldur einungis að hafa 150 nemendur í styrkhæfu námi að mati Reykjavíkurborgar. 9.2 Tónlistarskólanum er heimilt að ráðstafa fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags.

9.3 Tónlistarskóli sem velur að kenna fleiri nemendastundir en þjónustusamningur kveður á um skal gera grein fyrir því og með hvaða hætti það hefur áhrif á það kennslumagn sem hverjum nemanda býðst.

9.4 Skólaári skal ljúka með prófum og opinberum tónleikum.

10. gr. Kaup á viðbótarþjónustu

10.1 Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar getur samkvæmt nánari reglum tekið ákvörðun um og lagt til við borgarráð að keypt verði viðbótarþjónustu af ákveðnum tónlistarskólum. Rökstyðja skal slíka ákvörðun.

11. gr. Umsókn og innritun í tónlistarskóla

11.1 Umsókn um nám í tónlistarskóla fer fram í miðlægu innritunarkerfi Reykjavíkurborgar.

12. gr. Upplýsingagjöf og eftirlit

12.1 Tónlistarskóli gerir starfsáætlun samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

12.2 Tónlistarskóli afhendir skóla- og frístundasviði þegar eftir því er óskað yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem m.a. komi fram upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins auk upplýsinga um áætlaðan nemendafjölda.

12.3 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur getur krafist tónlistarskóla um fjárhagsáætlun fyrir tiltekið tímabil samkvæmt leiðbeiningum Reykjavíkurborgar.

12.4 Tónlistarskóli sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög um ársreikninga og góða reiknisskilavenju auk skýrslu stjórnar að fyrir 1. febrúar ár hvert. Ársreikningur skal gerður á grundvelli skólaársins frá 1. ágúst til 31. júlí.

12.5 Tónlistarskóli skilar greinargerð um starfsemi síðasta skólaárs samkvæmt leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. júlí ár hvert.

12.6 Tónlistarskóli skilar til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar upplýsingum um kennslu og nýtingu kennslumagns á efri stigum tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs á viðeigandi eyðublaði fyrir 1. mars ár hvert.

12.7 Reykjavíkurborg getur hvenær sem er látið gera stjórnsýsluúttekt á tónlistarskólum.

13. gr. Menntun skólastjórna og kennara

13.1 Stjórn/skólanefnd tónlistarskóla ræður skólastjóra.

13.2 Menntun skólastjóra skal vera tónlistarskólakennari III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara hið minnsta og framhaldsmenntun á sviði tónlistar eða stjórnunar er æskileg.

13.3 Alla jafna er gert ráð fyrir því að starf skólastjóra sé fullt starf.

13.4 Minnst 80% kennara í hverjum tónlistarskóla skulu hafa réttindi tónlistarskólakennara III samkvæmt kjarasamningum við tónlistarkennara.

14. gr. Samningstími

14.1 Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við nýjan tónlistarskóla skal gerður til eins árs í senn.

14.2 Eftir þriggja ára starfstíma tónlistarskóla er heimilt að gera þjónustusamning til allt að þriggja ára í senn en þó með þeim fyrirvara að framlag Reykjavíkurborgar geti lækkað verði árlegur fjárhagsrammi skóla- og

frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða fjárheimildir Jöfnunarsjóðs skertar. Stefnt skal að því að endurskoðun þjónustusamnings með þriggja ára gildistíma eigi sér stað hálfu ári áður en hann fellur úr gildi.

15. gr. Vanefndir á þjónustusamningi

15.1 Ef rökstuddur grunur er um að tónlistarskóli standist ekki kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eða lögum sem koma í þeirra stað, aðalnámskrá tónlistarskóla, reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda og reglum þessum getur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stöðvað greiðslur og farið fram á endurstaðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

15.2 Berist endurskoðaður ársreikningur tónlistarskóla ekki á tilsettum tíma, sbr. gr. 12.4 í reglum þessum, getur skóla- og frístundasvið stöðvað greiðslur til skólans. Sama gildir ef starfsáætlun tónlistarskóla fyrir næsta skólaár, sbr. gr. 12.1 í reglum þessum og/eða greinargerð um skólastarf síðasta skólaárs, sbr. gr. 12.5 í reglum þessum, berast ekki á tilsettum tíma.

16. gr. Gildistaka

16.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, ákvæðum samkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms og reglum um framlög Jöfnunarsjóðs um framlögin frá 31. ágúst 2016. Reglur þessar taka gildi við samþykkt borgarráðs. Frá sama tíma falla úr gildi reglur samþykktar af borgarráði þann 29. maí 2012 um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 2. mgr. í gr. 5.11 um að ekki sé greitt aukaframlag vegna langtímaveikinda tónlistarkennara sem náð hefur 70 ára aldri, tekur gildi frá 1. september 2017.

Síðasti málsliður í ákvæði 8.2 um að fjármagn skuli að fullu notað vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar á ekki við um samninga vegna efri stiga vegna skólaársins 2016 – 2017 ef tónlistarskóli hefur fengið bættan neikvæðan mismun kennslumagns á grundvelli upplýsinga frá vori 2014 og vori 2016. Nánar skal kveðið á um skilyrði á nýtingu fjármagns í samningi við þá tónlistarskóla sem í hlut eiga.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaársins 2016 – 2017 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við árið 2012.

Ákvæði 9.1 á ekki við vegna skólaáranna 2017 – 2018, 2018 – 2019 og 2019 – 2020 gagnvart þeim tónlistarskólum sem gerður var þjónustusamningur við vegna tímabilsins 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Varðandi ákvæði 12.4, síðari málslið, gildir að fram að skólaárinu 2019-2020 er tónlistarskólum sem gert hafa samning við Reykjavíkurborg heimilt að hafa sama uppgjörstímabil og áður en þeim ber að tilkynna skóla- og frístundasviði um það val. Skil á ársreikningum skal vera eigi síðar en sex mánuðum eftir að fjárhagsári lýkur. Ársreikningur tónlistarskóla skal vera endurskoðaður frá og með árinu 2018 og gildir þannig um gerð ársreiknings vegna ársins 2017.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 25. janúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017, sbr. breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017.

Nafn skóla: Tónstofa Valgerðar

Tónlistarskóladagatal 2018 - 2019

Samband ísenskra
sveitarfélaga

AGUST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ	JULÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 M	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 M	3 L	3 M	3 M	3 F	3 S	3 M	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ	5 S	5 S	5 M	5 F
6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 L	6 F	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 S	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 M	14 M	14 M	14 F	14 M	14 F	14 S	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 L	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S	16 Þ	16 M	16 M	16 F	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	17 M	17 F	17 M	17 M
18 L	18 Þ	18 S	18 M	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 M	20 Þ	20 S	20 M	20 M	20 M	20 F	20 L	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 M	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 F	23 M	23 S	23 L	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 S	28 M	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 M	29 M	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 M	30 S	30 M	30 M	30 L	30 F	30 F	30 S	30 Þ
31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 F	31 S	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

Vísindin segja okkur að tónlist og þátttaka í henni hafi fjölþættan áhrifamátt og reynslan kennir okkur að tónlist er bæði menntandi og mannþætandi. Við nemum hana í móðurkviði og við fæðingu skynjum við kærleiksríka tónlist í höndum elskandi foreldra sem örva okkur, róa og hugga. Tónlistin fylgir okkur æviskeiðin öll frá vöggu til grafar, nærir okkur og þroskar. Fyrir þá sem þurfa sérstakan stuðning á einhverjum sviðum hefur tónlistarnám og tónlist með sinn mikla fjölbreytileika og aðlögunarhæfni því ómetanlegt gildi.

Það var með bjartsýni, von og trú í farteskinu að Tónstofan var stofnuð. Trúin á mikilvægi tónlistarkennslunnar fyrir nemendahópin lifir enn sem og vonin um vöxt og bjarta framtíð. Því horfum við til framtíðar þakklát og bjartsýn og sjáum fyrir okkur blómlegt starf fullt af spennandi tónlistarævintýrum sem tónelskir gleðigjafar njóta.

Með tryggum stuðningi skólanefndar, Foreldra- og styrktarfélags Tónstofunnar sem og annarra velunnara munum við vinna áfram að því að efla meðvitund um mikilvægi starfsins og hvetja til virkrar samvinna allra hlutaðeigandi með jafnréttishugsjónina og einkunnarorð Tónstofunnar að leiðarljósi: Vinátta, virkni og vellíðan.

Dr. Valgerður Jónsdóttir, skólastjóri og ábyrgðaraðili Tónstofunnar



Tónstofa Valgerðar ehf
Stórhöfða 23 | 110 Reykjavík
Kt. 481101-2040
S. 561-2288 / 862-2040 | tonsvj@mmedia.is | www.tonstofan.is

STUTT GREINARGERÐ UM 31. STARFSÁR TÓNSTOFUNNAR VETURINN 2017-2018

NEMENDAFJÖLDI OG SKÓLAÁRIÐ

Fyrsti kennsludagur haustannar 2017 var mánudagurinn 28. ágúst. Síðasti kennsludagur var föstudagurinn 1. júní. 2018.

Hundrað tuttuguogátta nemendur voru skráðir í skólann í lok vorannar 2018.

Yngsti nemandinn er fæddur 2011 sá elsti er fæddur 1958.

Þrjátíu nemendur Tónstofunnar sóttu einkatíma sína og hóptíma í frístundaheimilinu Öskju í Safamýri. Foreldrar nemendanna, aðstandendur frístundaheimilisins, tónlistarkennari þeirra sem og aðrir aðstandendur Tónstofunnar voru sem fyrr mjög ánægðir með samstarfið sem vonandi verður framhald á næsta skólaár.

KENRARAR, SKÓLANEFND OG ANNAÐ STARFSFÓLK

Við skólann störfuðu 7 kennarar skólaárið 2017-2018:

Valgerður Jónsdóttir 100% starfshlutfall.

Jóna Þórsdóttir 100% starfshlutfall.

Marie Huby 80% starfshlutfall.

Ásrún I. Kondrup, 50% starfshlutfall

Kirstín Erna Blöndal, 25% starfshlutfall

Rakel Pálsdóttir, 25% starfshlutfall

Ari Agnarsson, stundakennari/verktaki

Skólastjóri og ábyrgðaraðili skólans er Valgerður Jónsdóttir. Ásamt fullri kennarastöðu gegndi hún starfi skólastjóra, ræstítæknis og ritara og móttökukstjóra. Engin yfirbygging er í skólanum og rekstrarkostnaði hans því haldið í lágmarki.

Foreldra- og styrktarfélag Tónstofu Valgerðar gegnir hlutverki skólanefndar.

Í henni sátu skólaárið 2017-2018:

Rut Ríkey Tryggvadóttir, formaður

Gerður Steinþórsdóttir, varaformaður

Gunnhildur Gísladóttir, gjaldkeri

Sólborg Bjarnadóttir, ritari

Dóra Eydís Pálsdóttir, meðstjórnandi

Ásthildur Gyða Torfadóttir, meðstjórnandi

Valgerður Jónsdóttir, fulltrúi kennara.

Um endurskoðun bókhalds og ársreikningaskil sér Haraldur H. Helgason, viðskiptafræðingur Aðalbókun bókhaldsstofa ehf.

haraldur@aðalbokun.is



STYRKIR Á SKÓLAÁRINU 2017 – 2018

Á skólaárinu 2017-2018 þökkum við sérstaklega Súsönnu Ernst Friðriksdóttur, Önnu Björgu Halldórsdóttur og Foreldra- og styrktarfélagi Tónstofunnar sem glöddu okkur með velvild og góðum gjöfum sem nýttust vel í skólastarfinu.

Innilegar þakkir færum við einnig öllu því góða fólki sem ekki er talið upp sérstaklega hér að ofan en sem í nafni stofnana, samtaka eða sem einstaklingar hafa styrkt Tónstofuna og eflt til dáða á liðnum árum.

HELSTU VIÐFANGSEFNI SKÓLAÁRSINS 2017-2018

Það var yfirlýst stefna skólaársins að reyna að sigla lygnan, að vinna úr ævintýrum afmælisársins sem krafist höfðu ótæpilegrar vinnu og að þoka þeim áfram.

- Tuttugasta og áttunda ágúst var ýtt úr vör í Tónstofunni. Í upphafi skólaársins voru 125 nemendur skráðir í skólann. Bjöllukórinn, sönghópurinn, hljómsveitin og nýir og gamlir nemendur á öllum aldri fylltu stofur á Stórhöfða og skólastofuna í frístundaheimilinu Öskju með leikgleði sinni. Spenntir kennarar brettu upp ermarnar tilbúnir í tónlistarævintýri vetrarins.
- Nítjándi nóvember tók Davíð Þór Torfason grunnpróf í píanóleik. Davíð Þór stóð sig afburða vel og var undirrituð ákaflega stolt af honum. Davíð Þór er fyrsti nemandi Tónstofunnar til að taka grunnpróf.



- Þrítugsafmælis skólans og tvítugsafmælis Bjöllukórsins var áfram fagnað og nú með útgáfu Hljómvangs nýja geisla- og mynddiskins sem kom í hús 23. desember 2017. Tólf íslensk þjóðlög voru hljóðrituð af Hafþóri Karlssyni hljóðmanni. Á mynddiskinum er upptaka frá afmælistónleikum Tónstofunnar í Salnum frá 28. maí 2017. Vinnu við Hljómvang er ekki lokið enda verkefnið þeirrar gerðar að gera má ráð fyrir að það fylgi Tónstofunni um ókomin ár.



- Aðalfundur Foreldra og styrktarfélags Tónstofu Valgerðar var haldinn í húsnæði Tónstofunnar að Stórhöfða 23 mánudaginn 23. nóvember 2017. Fundargerðin rituð af Þorleifi Haukssyni fylgir hér. Við þökkum honum innilega fyrir ómetanlegan stuðning og frábærar fundargerðir sem segja sögu skólans sl. 17 ár.

Aðalfundur Foreldra- og styrktarfélags Tónstofu Valgerðar fyrir skólaárið 2016-17 var haldinn í húsakynnum Tónstofunnar, Stórhöfða 23, mánudaginn 13. nóvember 2017.

Rut formaður er stödd í Ástralíu, og því setti Gerður Steinþórsdóttir varaformaður fundinn og skipaði síðan sjálfa sig fundarstjóra og Þorleif Hauksson fundarritara. Fundurinn hófst síðan kl. 20.10 með því að Gerður flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár, sem var óvenju viðburðaríkt og glæsilegt. Ástæða þess var að sjálfsgöðu sú að haldið var með margvíslegum hætti upp á 30 ára starfsafmæli Tónstofunnar og tvítugsafmæli Bjöllukórsins. Í tilefni af þessum tímamótum hélt stjórnin fimm fundi á starfsárinu, en undirbúningurinn hvíldi annars að mestu á herðum Valgerðar og kennara Tónstofunnar, og einnig Álfheiðar Erlu, dóttur hennar.

Gerður kom víða við í skýrslu stjórnar. Viðburðir afmælisársins voru boðaðir undir samheitinu Hljómvangur. Á undan, í desember 2016, voru haldnir ellefu tónleikar á vegum Tónstofunnar og höfðu aldrei verið jafnmargir. Upptökur á samnefndum geisladiski Bjöllumkórsins hófust í ársbyrjun, og voru tekin upp tólf lög og jafnframt lögð drög að útgáfu mynddísks jafnhliða með viðtölum við foreldra, fræðslufni um skólann og myndbrotum úr sögu hans.

Mjög vel gekk að afla styrkja í tilefni afmælisins. Styrkir bárust frá Umhyggju, Styrktarsjóði Rannís, Sunnusjóði, Velferðarsjóði barna og Sumargjöf. Síðastnefndur styrkur var veittur Lettlandsförum, fimm manna hópi listafólks sem fór í tónleikaferð til Lettlands ásamt Valgerði, tveimur öðrum kennurum og stuðningsaðilum og stóð sig með mikilli þrýði. Þessi ferð var bæði hluti af afmælisárinu og lokahnykkur á Nordplus-samstarfi Tónstofunnar við finnska og lettneska tónlistarskóla.

Í aðdraganda afmælistónleikanna voru sérsaumaðir búningar á félagi í Bjöllumkórnum. Formaðurinn, Rut Ríkey Tryggvadóttir, hannaði búningana og gaf félaginu vinnu sína, og þeir voru vígðir á afmælistónleikunum sem voru síðan haldnir með miklum glæsibrag í Salnum í Kópavogi miðvikudaginn 28. maí 2017 kl. 15. Fram komu nemendur Tónstofunnar og gestir og sýndar voru svipmyndir á tjaldi frá tónleikum Bjöllumkórsins. Forsetafrúin, Eliza Reed, heiðraði samkomuna ásamt tveimur ungum börnum sínum. Húsfyllir var og gleði, hlýja og virðing einkenndi samkomuna.

Nemendur Tónstofunnar eru nú 125 og kennarar auk Valgerðar Jóna Þórsdóttir, Marie Huby, Ásrún Kondrup, Ari Agnarsson og Kirstín Erna Blöndal. Stöðugildi eru þrjú og hálf og kennsla fer fram á tveimur stöðum. Þjónustusamningur við borgina er í höfn og gildir til þriggja ára, en umbeðin hækkun vegna launasamninga og lífeyrisskuldbindinga hefur ekki fengist.

Gerður lauk skýrslunni með því að vitna í framtíðarsýn Valgerðar varðandi skólann. Hún sér hann sem listamiðstöð þar sem boðið er upp á einstaklingskennslu og hópkenndu, kóra og hljómsveitarstarf og þar sem jafnframt fari fram rannsóknir og þróun í samvinnu við aðra skóla og stofnanir hér á landi og erlendis. Og lokaorðin voru: „Megi henni verða að ósk sinni.“

Að lokinni skýrslu stjórnar lagði Gunnhildur gjaldkeri fram reikninga Foreldrafélagsins. Bókfærður hagnaður er kr. 983.005, þrátt fyrir umtalsverðan kostnað við afmælistónleikana. Minningargjafir í minningarsjóðinn nema kr. 1.444.000, og munar mest um milljón króna gjöf Önnu Bjargar Halldórsdóttur til minningar um son sinn, Halldór Stein Halldórsson, kæran nemanda í Tónstofunni og félagi í Bjöllumkórnum. Eignir nema kr. 4.522.357. Minningarsjóður Bjöllumkórsins er enn ósnertur, en það stendur til bóta, alltént þegar greiða þarf kostnað við gerð geisladísksins. Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Næst var komið að ákvörðun félagsgjalda, og var tillaga stjórnar samþykkt, að hafa upphæðina óbreytta, 3000 krónur.

Næst var kosin stjórn fyrir næsta starfsár. Ritari gaf ekki kost á sér til endurkjörs vegna hás aldurs og vinnuálags. Ekki hefur tekist að fá annan aðstandanda nemenda til að gefa kost á sér, en Valgerður benti á að stjórnin er í raun fullskipuð, sjö stjórnarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs og voru sjálfkjörnir. Stjórnin mun væntanlega skipta með sér verkum á fyrsta fundi. Skoðunarmenn reikninga, Anna Björg Halldórsdóttir og Sigurjón Högnason, voru endurkosin.


Undir liðnum Fyrirspurnir og umræður var spurt hvernig miðaði gerð hljómdísks og mynddísks í tilefni afmælisins. Hljómdiskurinn hefur tafist vegna annríkis Hafþórs upptökumanns og Gunnars Gunnarssonar, sem voru nú alveg nýbúinir að skila sínu verki og þurfa kannski aðeins að huga betur að því. Upptökur af afmælistónleikunum voru því miður misheppnaðar, en Þorsteinn J. Vilhjálmsson var með eigin upptökuvél og ætlar að klippa saman sínar upptökur. Vinna við fræðslufni sem Álfheiður Erla hafði umsjón með reyndist of tímafrekt til að ná útgáfu jafnhliða hljómdískinum. Þess í stað var ákveðið að hlaða því inn á vef Tónstofunnar en láta upptökur Þorsteins J. af afmælistónleikunum koma í staðinn ásamt brotum úr eldri

upptökum af nemendatónleikum Tónstofunnar. Álfheiður Erla mun hanna umslag utan um báða þessa diska og leggja loka hönd á samsetningu mynddisksins. Til umræðu var hvort fresta ætti útgáfunni fram á næsta ár eða stefna að jólaútgáfu, sem flestir stjórnarmenn voru hlynntir. Valgerður er nýbúin að fá hljómasamsetninguna í hendur og á eftir að bræða með sér hvort henni finnst hún nógu vel unnin. Stjórnarmenn fengu að hlusta á brot úr upptökum og fannst margt þar mjög fallett eftir því sem þeim fannst þau vera dómbær.

Að lokum þakkaði Valgerður kennurum og stjórninni fyrir sín góðu störf og kvaddi ritarann með góðum gjöfum. Gerður þakkaði góða fundarsetu og sleit fundi um klukkan 21.15. Síðan var fundarmönnum boðið upp á veitingar.



- Bjöllukórinn tók þátt í Aðventuhátíð Menningarhúsanna í Kópavogi og lék í Gerðarsafni laugardaginn 2. desember.



- Kærleikskúla SLF var afhent á Kjarvalsstöðum 6. desember og lék Bjöllukórinn við athöfnina. Bjöllukórinn er afar þakklátur fyrir að hafa í gegnum árin fengið tækifæri til að taka þátt í þessari hátíðlegu athöfn!

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hlaut Kærleikskúlu ársins, Úgh & Böögár eftir Egil Sæbjörnsson fyrir mikilvægt framlag í þágu fatlaðs fólks. En skrifstofan gerði samkomulag við Landssamtökin Þroskahjálp vegna notendaráðs fatlaðs fólks. Þykir samkomulagið sýna mikilsverðan skilning og vilja til þess að tryggja að raddir fólks með þroskahömlun heyrir og að það fái þannig raunverulegt tækifæri til að taka þátt í að móta samfélagið. Það er því mat stjórnar Styrktarfélagsins að Mannréttindaskrifstofan hafi með samkomulaginu sýnt mikilvægt fordæmi sem geti orðið sveitarfélögum til fyrirmyndar og leiðbeiningar um hvernig best sé að standa að því að uppfylla ákvæði um samráð í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

„Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hóf útgáfu Kærleikskúlunnar árið 2003 og eru kúlurnar nú orðnar þrettán talsins. Nafn kúlunnar er táknrænt en markmiðið með sölu hennar er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna. Allur ágóði rennur til starfsemi Reykjadal, sumar- og helgardvalar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Mosfellsdal.“



- Bjöllukórinn lék á aðventukvöldi 12. desember fyrir Rebekkustúku í húsi Oddfellow. Var það hátíðleg stund og Bjöllukórinn lék af stakri prýði öllum til mikillar ánæg



- Ellefu jólatónleikar voru haldnir í Tónstofunni helgarnar 9. til 10. og 16. til 17. desember. Nemendurnir stóðu sig afburðavel og glöddu alla viðstadda með leik og söng.





- Kennsla á vorönn 2018 hófst 3. janúar.
- Rakel Pálsdóttir var ráðin í 25% kennsluhlutfall og nýir nemendur voru teknir inn af biðlista eftir páska.
- Laugardaginn 17. mars flutti undirrituð erindi um Tónstofuna á málþingi Einhverfusamtakanna sem fjallaði um tólmstundir.
- Í maí voru hefðbundnir vortónleikar í Tónstofunni alls ellefu að tölu. Tónleikarnir fóru fram í salnum á Stórhöfða og í frístundaheimilinu Öskju. Við erum stolt af nemendunum sem komu fram sem einsöngvarar, einleikarar og tónskáld og einnig í hljómsveitum og kórum. Var sungið og leikið af hjartans list viðstöddum til mikillar ánægju og gleði.
- Síðasti kennsludagur í Tónstofunni var föstudagurinn 1. júní.

Með Foreldra- og styrktarfélagið í fararbroddi var unnið að því að fá viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á starfsemi Tónstofunnar. Sá áfangi náðist árið 2004 og er Tónstofan viðurkenndur tónlistarskóli. Tónstofan hefur nú verið rekin í 31 ár. Starfsemin hefur verið farsæl og Tónstofan notið fjölda viðurkenninga og styrkja eins og áður er getið.

Líkt og síðastliðin ár er það með gleði og þakklæti í hjarta fyrir velgengni, velvilja og ómetanlegan stuðning sem starfsáætlun næsta skólaárs og yfirlit skólaársins 2017-2018 er skrifað. Síðan Steinunn Finnbogadóttir heitin lagði undirritaðri lið hefur Tónstofan vaxið og dafnað og draumsýnin sem lagt var upp með fyrir þrjátíu árum síðan og byggði á jafnrétti til náms lifir enn. Tónstofan er í dag mikilvæg menntastofnun og við teljum hana þrýði íslensks samfélags.

Um leið og lærdómur er dreginn af reynslu síðasta vetrar undirbúa aðstandendur skólans næsta skólaár. Með góðan bakhjarl í Foreldra- og styrktarfélaginu, velvilja samstarfsaðila, dugandi kennara og áhugasaman nemenda- og foreldrahóp verða fundnar sæmandi lausnir á áskorunum ef upp koma.

Fyrir hönd Foreldra- og styrktarfélags Tónstofunnar/skólanefndar, þakkar undirrituð velgjörðafólki, styrktaraðilum, aðstandendum Öskju, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, skólaskrifstofum nágrannasveitarfélaganna sem og öllum nemendahópnum og aðstandendum hans innilega fyrir gefandi og ánægjulega samvinnu á 31 starfsári skólans.

Dr. Valgerður Jónsdóttir, skólastjóri



Tónstofa Valgerðar ehf
Stórhöfða 23 | 110 Reykjavík
Kt. 481101-2040
S. 561-2288 / 862-2040 | tonsvj@mmedia.is | www.tonstofan.is